

Frumvarp til laga

um

breyting á lögum um vörutoll. 22. okt. 1912.

(Lagt fyrir alþingi 1913)

1. gr.

Auk þeirra vörutegunda sem taldar eru í 2. lið 1. greinar vörutollslaganna, skulu teljast þar til tollgjalds eftirnefndar vörur:

Allskonar skepnufóður, segldúkur og tilbúin segl, seglgarn, netatvinni og allskonar netagarn, strigi, lausar umbúðir, mottur, ofnar, eldavjelar, járnþípur og járnbrautarteinar, gips, hefilspænir og sag.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Eftir að vörutollslögin öðluðust gildi hafa stjórninni borist margar fyrirspurnir um skilning á lögnum. Svörin hafa verið prentuð í Stjórnartíðindunum B-deild 1913. nr. 4, 27. jan. nr. 7, 6. febrúar, nr. 8, 25. febrúar og nr. 9, 28. febrúar 1913. Síðan hefir fyrirspurnum um skilning þessara laga verið svarað, en svör stjórnarinnar eru ekki prentuð enn, þegar þetta er skrifað (seint í apríl 1913). Í þessum stjórnarbrjefum hafa þær vörur, sem eftir eðli sínu áttu heima í einhverjum tollið vörutollslaganna verið heimfærðar þangað, en sumum vörum hefir ekki verið unt að skipa í þann flokk, þar sem þær eftir tilgangi vörutollslaganna áttu heima í. Vörutollslögin gjöra ráð fyrir að hey sje lágt tollað, en það er ekki nóg, því hingað flyst nokkuð af öðru skepnufóðri en heyi, og sje hár tollur á því, er það sama sem að hanna aðflutninginn, sem væri til skaða fyrir skepnueigendur. Á segldúk segl og striga er lagður hæsti tollurinn, þar sem hvortveggja er vefnaðarvara, en hár tollur á segldúk og seglum íþyngir sjáfarútveginum, og gæti ollað tjóni á sjó. Til þess að íþyngja honum ekki um of, er jafnframt lagt til að tollur á ýmsu veiðarfæraefni verði lækkaður. Strígi er svo ódýr vara að hann þolir naumlega hærri toll en hjer er stungið upp á. Strígi og mottur eru notaðar mjög mikið til fiskiumbúða, hinar sömu fiskiumbúðir eru fluttar inn aftur, hvað eftir annað, og tollur greiddur í hvert skifti, án þess að kaupmenn segist sjá sjer fært, að leggja fram þær sannanir sem þarf eftir 11. gr. vörutollslaganna til að fá endurgoldinn tollinn af útfluttum fiskiumbúðum. Þar sem lagt er til, að ofnar, eldavjelar, járnpihur og járnbrautarteinar sjeu tollaðir eftir 1. gr. 2 í vörutollslögnum, þá er það í samræmi við ýms ákvæði laganna sjálfra.

Ennfremur er það lagt til, að lækka tollinn á gipsi úr 1 krónu niður í 25 aura af 50 kg. og er það gjört fyrir þá sök, að æskilegt þykir að kókólít sem er ágætt veggfóður, og hefir þann kost að það brennur ekki, gæti orðið búið til hjer á landi, sem er útilokað, ef greiða þarf hæsta toll af gipsinu.

Um hefilspæni og sag hafa stjórnaráðinu borist fyrirspurnir, og hefir það orðið að svara, að þessar vörur ættu að tollast eins og »aðrar vörur« (1 kr. 50 kg.), en þær eru hinsvegar svo verðlausar, að hætt er við að þessi tollur verki eins og aðflutningsbann.